

Nú.

266. Frumvarp

til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. gr.

Alþingiskjósendur, sem staddir eru utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá þegar kosning fer fram, hafa heimild til þess að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis á þann hátt, sem hér segir, samkvæmt reglum þeim, er settar eru í lögum þessum:

- 1) Á hverjum þeim kjörstað, sem þeir eru staddir á þegar kosning fer fram.
- 2) Á íslensku skipi.
- 3) Á þann hátt, að þeir senda hreppstjóra eða bæjarfógeta í því umdæmi, þar sem þeir standa á kjörskrá, atkvæðaseðil.

2. gr.

Ráðuneytið annast um, á kostnað rikissjóðs, útvegum kjörseðla, svo og fylgibrjefa þeirra og umslaga, er þar til heyra, og gætir þess, að yfirkjörstjórnir hafi jafnan í sínum vörslum nægar birgðir af kjörgögnum þessum. Kjörgögn þessi skulu vera komin hæfilegum tíma á undan hverri kosningu í hendur öllum bæjarfógetum, sýslumönnum, umboðsmönnum þeirra og hreppstjórum og einnig vera nægar birgðir til af þeim hjá skipstjóra á hverju íslensku skipi.

Ennfremur skulu kjörgögnin fást á kjördegi hjá hverri kjörstjórn. Skal yfirkjörstjórn í tæka tíð senda kjörgögn þessi, svo mörg sem henni þykir þurfa, til allra frammanefndra aðilja í kjördæminu og bóka, hve mikið hún sendir á hvern stað. Nú er skipaskráningarumdæmi tvö eða fleiri kjördæmi, og er lög-reglustjóra þá skylt að láta hvorri (hverri) yfirkjörstjórn í tje nægilega fljótt skrá um öll skráð skip, sem eiga heimilisfang í kjördæmi hennar.

Eyðublöð undir kjörseðla skulu vera úr haldgóðum hvítum pappír og á þau prentað við efri rönd orðið »Kjörseðill«. Engin önnur einkenni sjeu á seðlinum. Umslögín um þá skulu vera ógagnsæ og hæfilega stór og prentað á þau orðið »Atkvæði«.

Eyðublöð undir fylgibrjefin með kjörseðlunum (og vottorð þau, sem heimtuð eru) semur ráðuneytið. Atkvæðagreiðsla samkvæmt þessum lögum er því aðeins gild, að notaðir sjeu hinir fyrirskipuðu atkvæðaseðlar, umslög og fylgibrjef.

3. gr.

Kosning fer svo fram, að kjósandi ritar á atkvæðaseðilinn nafn þess þingmannsefnis eða þeirra þingmannaefna, ef fleiri en einn á að velja í kjördæminu, er hann vill kjósa, af þeim sem í kjöri eru.

Þar sem hlutbundnar kosningar eru lögteknar, skulu þær kosningar fara svo fram, að kjósandi ritar bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

Þeir kjósendur, er neyta kosningarrjettar sins samkvæmt þessum lögum, mega ekki greiða atkvæði fyr en framboðsfrestur þingmannaefna — eða lista — samkvæmt kosningalögunum er liðinn, og telst atkvæðið greitt þann dag, er fylgibrjefið er dagsett.

Enginn má við sömu kosningar senda frá sjer nema einn kjörseðil. Kjörseðillinn gildir við þá kosningu, er fer fram næst á eftir að fylgibrjefið er dagsett.

4. gr.

Sá, er greiða vill atkvæði samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal í einrúmi og án þess að nokkur sjái rita atkvæði sitt — nafn þingmannsefnis eða þingmannaefna, ef fleiri en einn á að kjósa, eða listabókstaf, ef hlutbundin kosning er, með ákvæðum um röð, ef hann vill — á kjörseðilinu, leggja hann því næst inn í þar til gert umslag og líma það aftur. Hann útfyllir því næst og undirskrifar fylgibrjefið, en kjörseðilinn má hann ekki undirskrifa.

Í fylgibrjefinu skal kjósandinn gefa nákvæmar upplýsingar um nafn sitt, stöðu og heimili í hreppnum eða kaupstaðnum, svo og um þau atvik, er því valda, að hann getur ekki mætt sjálfur á kjörstaðnum til að greiða atkvæði, og skal hann jafnframt staðfesta með drengskaparvottorði, að hann þvingunarlaust, í einrúmi og án þess nokkur maður hafi sjeð hafi útfyllt kjörseðilinn, lagt hann í umslagið og límt það aftur.

Á fylgibrjefið skal vera ritað vottorð um, að undirskrift og dagsetning sje rjett og að kjörseðillinn sje útfylltur í einrúmi. Vottorð þetta á að vera

undirritað af skipstjóra á íslensku skipi ásamt einum manni af skipshöfninni sem tilkvöddum vitundarvotti, ef kjósandi er sjómaður, eða af sýslumanni, umboðsmanni hans eða hreppstjóra. Þar, sem hreppi hefir verið skift i kjördeildir, getur og formaður kjörstjórnar i hlutaðeigandi kjördeild undirritað vottorðið.

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði og getur ekki náð til sýslumanns, umboðsmanns hans eða hreppstjóra, og skal þá vottorðið gefið af þeim, er i hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

Þá er vottorðið er gefið af skipstjóra eða þeim, er i hans stað gengur á skipinu, skal geta um atkvæðagreiðsluna i dagbók skipsins; þar skal skýrt frá fullu nafni kjósandans, i hvaða umdæmi hann stendur á kjörskrá og hver hæfi verið til kvaddur sem vitni að undirskrift hans.

Umslagið með kjörseðlinum og fylgibrjefið skal kjósandinn því næst láta i sjerstakt þar til gert umslag, sbr. 2. gr., loka því og rita utan á það til yfirkjörstjórnarinnar eða hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta i því kjördæmi, þar sem hann stendur á kjörskrá. Á umslaginu skal þess getið, að i því liggja atkvæðasedill, og skal kjósandi undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjörumdæmi.

5. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti innfærir i sjerstaka skrá brjef þau, er hann veitir móttöku, i áframhaldandi töluröð. Skal geta þess við hvert brjef, hvenær tekið hafi verið á móti því, og rita á það tilsvarendi tölunúmer. Skrá þessa með kvittunum (sbr. þriðju málsg.), ásamt brjefunum og skriflegum kjörgögnum, ógildum og ónotuðum, sendir bæjarfógeti eða hreppstjóri síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sje komin i hendur henni áður en kjörfundur er settur. Skrá þessi sendist yfirkjörstjórn að kosningu lokinni.

Undirkjörstjórn skal athuga, hvort talan á skránni (skriflegu atkvæðin), að viðbættum ógildum og ónotuðum seðlum, kemur heim við tölu skriflegra kjörgagna, er yfirkjörstjórn hefir sent.

Þeir kjósendur, sem óska að greiða atkvæði fyrir kjördag og senda sjálfir atkvæði sitt, skulu kosta sendingu brjefsins og gefa kvittun fyrir mótteknum kjörgögnum, og sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti kvittun þá til undirkjörstjórnar, ásamt skránni yfir útlátn kjörgögn.

Skrifleg atkvæði, sem greidd eru á kjörfundi, skulu innfærð á sjerstaka skrá, og sendir undirkjörstjórn hana ásamt ónotuðum og ógildum skriflegum kjörgögnum til yfirkjörstjórnar.

Undirkjörstjórnir skulu á kjördegi leyfa manni að kjósa skriflega, er telur sig á kjörskrá annarsstaðar, nema þær viti með vissu, að sá, er atkvæði vill greiða, standi hvergi á kjörskrá.

Undirkjörstjórn ber að senda hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skrá yfir nöfn þeirra kjósenda, er kosningarrjettar hafa neytt, i útskrift úr kjörskránni, staðfesta af kjörstjórn og umboðsmönnum.

6. gr.

Áður en atkvæðagreiðsla byrjar, opnar kjörstjórnin fylgibrjef þeirra manna, er telja sig á kjörskrá hreppsins eða kaupstaðarins og henni hafa borist, rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo reynist, setja meðkjörstjórnir merki við nafn kjósandans á eftirritin af kjörskránni.

Komi það í ljós, að hlutadeigandi standi ekki á kjörskrá, eða að hann sje búinn að greiða atkvæði eða hafi afsalað sjer kosningarrjétti í því umdæmi, eða kjörstjórnin hafi fengið vitneskju um, að hann hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin umslagið með atkvæðasedlinum og fylgibrjefið aftur inn í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna. Eins skal fara að, ef í umslaginu er annað en fylgibrjefið og eitt umslag, eða ef sjáanlegt er, að ekki hafi verið notuð þau umslög og eyðublöð, er stjórnarráðið hefir látið gera, eða ekki hefir verið farið eftir þeim reglum við atkvæðagreiðsluna, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Þau atkvæðaumslög, sem tekin eru gild, eru því næst lögð í atkvæðakassann um leið og atkvæðagreiðsla byrjar.

Þau umslög, sem kjörstjórninni eru afhent eftir að atkvæðagreiðsla er byrjuð, eru rannsökuð á sama hátt öll í einu, og þau, sem gild eru tekin, lögð í kjörkassann áður en atkvæðagreiðslu er lokið.

Brjefleg atkvæði utansveitarmanna skal undirkjörstjórn senda yfirkjörstjórn þess kjördæmis, þar sem þeir telja sig á kjörskrá samkvæmt fyrirmælum 9. gr.

7. gr.

Atkvæði þau, sem greidd eru samkvæmt þessum lögum, eru ógild:

- 1) Þegar ekki verður sjeð með vissu, hvort nafn það, sem stendur á atkvæðasedlinum, á við nokkurt af þingmannaefnum þeim, sem í kjöri eru í kjördæminu, eða, þá er um hlutbundna kosningu er að ræða, hvaða listi er kosinn.
- 2) Þegar í atkvæðaumslaginu er annað en einn atkvæðasedill.
- 3) Þegar ekki hefir verið notaður við atkvæðagreiðsluna atkvæðasedill sá, sem stjórnarráðið hefir látið gera, eða annað er ritað á hann en það, sem ákveðið er í 3. gr., eða á sedilinn eru sett strik eða merki, er ætla má að sjeu sett til þess að gera hann þekkjanlegan. Þó verður atkvæðasedill við hlutbundnar kosningar ekki ógildur, þótt á honum standi auk lista-bókstafsins orðið »listabókstafur«, ef ekki verður álitíð, að það sje gert til að gera sedilinn auðkennilegan.

8. gr.

Sjerhverjum skipstjóra á íslensku skipi er skylt að hafa vakandi auga á því og veita yfirkjörstjórninni til þess nauðsynlega aðstoð, að komnar sjeu í hans hendur í tæka tíð fyrir hverja kosningu nægar birgðir af eyðublöðum undir kosningarseðla og fylgibrjef með tilheyrandi umslögum, og í hibýlum skipshafnarinnar á skipinu skal vera uppfestur

útdráttur af gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu þeirra manna, er í lögum þessum greinir, og semur stjórnarráðið útdráttinn. Ennfremur er það skylda skipstjóra á íslenskum skipum, þá er fyrirskipaðar eru nýjar kosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn jafn-skjótt og þeir vita um kosninguna, og mega þeir ekki neita skipshöfninni um aðstoð við atkvæðagreiðsluna eða neita sjómanni um landgönguleyfi til að greiða atkvæði hjá íslenskum stjórnarvöldum, nema því aðeins, að nauðsynleg störf á skipinu, sem ekki þola bið, hindri. Brot gegn þessu varða allt að 100 kr. sektum, er renna í landssjóð. Að kjördegi liðnum, svo fljótt sem unt er, skal skipstjóri senda hin brjeflegu atkvæði, hafi hann ekki áður sent þau, til yfirkjörstjórnar þess kjördæmis, þar sem kjósandi telur sig á kjörskrá. Skrá, er um getur í 5. gr., yfir brjefleg atkvæði, ógild og afgangskjörgögn skal skipstjóri senda hlutaðeigandi yfirkjörstjórn.

9. gr.

Brjefleg atkvæði utankjördæmismanna skulu undirkjörstjórnir og skipstjórar senda í innsigluðum ábyrgðarpóstsendingum til yfirkjörstjórna. Kostnaðinn við sending hinna brjeflegu atkvæða skal undirkjörstjórn eða skipstjóri greiða og fá endurgreiddan úr hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóði.

10. gr.

Fyrir afhending kjörseðla og vottorð, þau er ræðir um í þessum lögum, greiðast engin gjöld.

11. gr.

Ráðuneytið semur leiðarvísi samkvæmt lögum þessum og sendir yfirkjörstjórn í hverju kjördæmi, en hún annast síðan úthlutun þeirra til undirkjörstjórna, hreppstjóra, bæjarfógeta og skipstjóra.

12. gr.

Að öðru leyti gilda reglur kosningalaganna um kosningar þær, er í lögum þessum getur, að því leyti, sem þær geta við átt.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar, að því leyti sem þau eru ekki áður úr gildi fallin, svo og önnur lagaákvæði, er í bága kunna að koma við lög þessi.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndinni hefir borist frv. til laga um breyting á kosningalögum í þá átt að færa kjördag til almennra óhlutbundinna kosninga til 1. júlí. Nefndin telur